

Ed.

20. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 75 frá 21. júní 1921, um stimpilgjald.

Flm.: Þorst. Þorsteinsson.

1. gr.

14. gr. laganna orðist þannig:

Þeir, sem hafa á hendi stimplun skjala, skulu gæta þess, að hin stimpilskylda upphæð hvers skjals sé rétt tilgreind, og geta krafizt allra nauðsynlegra skýringa af hálfu þeirra, er stimplunar beiðast, og ákveða síðan gjaldið, framkvæma stimplunina og afhenda skjalið beiðanda. Þegar afsalsbréf eða leigusamningar greina ekki hina stimpilskyldu upphæð, ber að áætla hana það háa, að vist sé um það, að söluverð eða leiga hafi ekki hærra verið í raun og veru. Verð fasteigna undir slíkum kringumstæðum skal aldrei áætla lægra en tvöfalt fasteignamat hinnar seldu eignar. Ef gjaldandi er óánægður með ákvörðun gjaldsins, getur hann skotið því undir úrskurð stjórnarráðsins innan tveggja mánaða, en fylgja skal jafnan umsögn stimplunarmanns. Ef hlutaðeigandi vill eigi heldur una við úrskurð stjórnarráðsins, getur hann lagt málið undir dómstólana.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

G r e i n a r g e r ð .

Frv. nær samhljóða þessu frv. var flutt á síðasta Alþingi, en náði ekki afgreiðslu þar, var vísað til þriðju umræðu í efri deild. Fylgdi þá frv. greinargerð á þessa leið:

Gætt hefur nokkurs ósamræmis um ákvörðun stimpilgjalds við sölu fasteigna. Hafa ýmsir gjaldheimtumenn krafizt rækilegra skýrslna um söluverð, ef það hefur ekki verið tilgreint í kaupsamningi eða afsalsbréfi, og innheimt gjaldið samkvæmt því. Aðrir hafa ekki leitað skýrslna um söluverðið og aðeins krafizt stimpilgjalds af jafnhárrí upphæð og hin selda eign var virt að fasteignamati, er söluverð var ekki tilgreint í hinu stimpilskylda bréfi. Nú þegar fasteignir eru seldar tvöföldu og þreföldu fasteignamatsverði, hverfa rikissjóði verulegar tekjur, ef ekki er gengið ríkt eftir, að stimpilgjald sé greitt af hinu raunverulega söluverði. Kemur og slík aðferð oftast niður þeim til góðs, er sízt skyldi. Má varla lengur við svo búíð standa. Rétt þótti að leggja nokkur viðurlög við, ef ekki er verð fasteigna ákveðið í sölubréfum þeirra, þótt þau verði lítil eins og nú er verðlagi háttað.